



Skipulags-, umhverfis- og umferðarnefnd Blönduósbæjar - 20. fundur
haldinn í fundarsal að Hnjúkabyggð 33, 31. maí 2016
og hófst kl. 17:00

Fundinn sátu:

Jakob Jónsson, aðalmaður
Guðmundur Sigurjónsson, aðalmaður
Brynja Birgisdóttir, varaformaður
Anna Margrét Sigurðardóttir, varamaður
Oddný María Gunnarsdóttir, varamaður
Bjarni Þór Einarsson, byggingafulltrúi
Ágúst Þór Bragason yfirmaður tæknideildar

Fundargerð ritaði: Ágúst Þór Bragason

Brynja Birgisdóttir varaformaður stjórnaði fundi í fjarveru formanns.

Dagskrá:

1. Smáhýsi á lóðinni Blöndubýggð 9 á Blönduósi – 1510051

Erindi frá Æki ehf. Umsókn um byggingarleyfi fyrir 2 sveftunnum á lóð fyrirtækisins að Blöndubýggð 9. Umsókninni fylgir uppdráttur sem sýnir staðsetningu tunnanna á lóðinni gerður hjá Stoð ehf. verkfræðistofu af Atla G. Arnórssyni, nr. S-101 dags. 25.05.2016. Einnig fylgir umsókninni aðaluppdráttur gerður af Einari Ingimarssyni arkitekt, dags. 30.05.2016.

Nefndin samþykkir byggingaráformin með fyrirvara um niðurstöður grenndarkynningar sem taki til Blöndubýggðar 11, 13, og 14.

2. Skipulagsstofnun - Beiðni um umsögn um uppsetningu á brennslubúnaði. - 1605034

Erindi frá Skipulagsstofnun þar sem óskað er eftir umsögn Blönduósbæjar um hvort og á hvaða forsendum ofangreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum.

Í samræmi við 6. gr. laga nr. 106/2000 hefur Blönduósbær farið yfir tilkynningu SAH afurða ehf. sem framkvæmdaraðila vegna uppsetningar á brennsluofni til eyðingar á áhættuvefjum í sláturúrgangi. Niðurstaða Blönduósbæjar er að brennsla áhættuvefja sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif, sbr. viðmið í 2. viðauka laga nr. 106/2000 og skuli því ekki háð mati á umhverfisáhrifum, enda sé þar aðeins brennt áhættuvefjum. Blönduósbær telur að greinargóðar upplýsingar framkvæmdaraðila séu fullnægjandi til rökstuðnings þessarar niðurstöðu.

Framkvæmdin er háð byggingarleyfi sbr. lög um mannvirki nr. 160/2010 og byggingarreglugerð nr. 112/2012.

Umsögnin er samþykkt samhljóða.

3. Blanda ehf. - Umsókn um stöðuleyfi - 1605037

Erindi frá Blöndu ehf. umsókn um stöðuleyfi fyrir 3 gistibragga í Brautarhvammi.



Erindinu fylgja upplýsingar frá framleiðanda um húsin þar sem m.a. kemur fram að þar eru engin hreinlætistæki og húsið tengist rafmagni eins og hjólhýsi.

Nefndin samþykkir stöðuleyfi fyrir þrjá gistibragga í Brautarhvammi til eins árs frá 15. júní 2016.

Staðsetning skal háð samþykki byggingarfulltrúa og samþykkt lóðarhafa.

4. Brekkubýggð 4 -Umsókn um byggingarleyfi - 1605035

Erindi frá Herði Ríkharðssyni, umsókn um byggingarleyfi til lítilsháttar stækkun á glugga. Umsókninni fylgir óáritaður aðaluppdráttur gerður af Þorgils Magnússyni byggingtæknifræðingi, teikning nr. 16-051-100, dags. 11.05.2016.

Nefndin samþykkir byggingaráformin.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 18:00

Jakob Jónsson

Guðmundur Sigurjónsson

Brynja Birgisdóttir

Anna Margrét Sigurðardóttir

Oddný María Gunnarsdóttir

Bjarni Þór Einarsson

Ágúst Þór Bragason
